

Föstudaginn 15. mars 1985.

Nr. 42/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Guttormi Einarssyni vegna

Bjórsamlags Ámunnar

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Kærumál. Hald á munum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru 7. þ.m., sem barst Hæstarétti 8. þ.m., hefur ríkissaksóknari með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og haldlagningin dæmd lögmæt.

Af hálfu varnaraðilja er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Samkvæmt skýrslu Arngríms Ísbergs, fulltrúa lögreglustjóra í Reykjavík, voru þrýstikútar þeir, sem taldir eru upp í hinum kærða úrskurði, fjórir 25 lítra kútar og fimmtán 5 lítra kútar, fullir og innihald þeirra að sögn varnaraðilja öl, sem blandað hafði verið með áfengi fyrir samlagsmenn. Lagði lögreglan hald á kúta þessa ásamt innihaldinu.

Gögn máls bera með sér, að yfir stendur opinber rannsókn á því, hvort starfsemi Bjórsamlags Ámunnar, sem lýst er í úrskurðinum, sé brot á ákvæðum áfengislaga, nr. 82/1969, „einkum 7. gr. og 18. gr., sbr. 10. og 11. gr.,“ eins og segir í greinargerð ríkissaksóknara til Hæstaréttar. Samkvæmt 43. gr. laga nr. 74/1974 skal hald leggja á muni, sem ætla má, að hafi sönnunargildi í opinberu máli eða ætla má, að gerðir verði upptækir. Í framangreindri greinargerð ríkissaksóknara segir, að markmið haldiagningarinnar hafi verið að afla sönnunargagna í þágu rannsóknar málsins og tryggja það, að andlag hugsanlegrar upptökukröfu í opinberu máli væri til staðar. Ekki þykir lengur þörf á að halda munum þessum sem sönnunar-

gögnum. Hins vegar verður ekki skorið úr því fyrr en í væntanlegu refsímáli, hvort um refsivert atferli hafi verið að ræða, og hvort krafa um upptöku verði tekin til greina. Eru ekki efni til að hnekkja haldi því, sem lögregla hefur lagt á muni þá, sem í hinum kærða úrskurði greinir.

D ó m s o r ð:

Hald það, sem lagt var 15. febrúar 1985 á muni í vörslum Bjórsamlags Ámunnar, skal standa óhaggað.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómara um það, að ekki sé lengur þörf að halda hinum umdeildu munum vegna rannsóknar málsins. Hins vegar er ég ósammála honum um það að láta óhaggað standa hald það, er lagt var hinn 15. febrúar 1985 á muni í vörslum Bjórsamlags Ámunnar.

Í 43. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, segir m.a.: „Leggja skal hald á muni“ ..., ef „ætla má, að þeir verði gerðir upptækir“.

Ég tel, að túlka beri orðalag þetta þannig, að því aðeins skuli leggja hald á muni, að það sé líklegra en hitt, að þeir verði gerðir upptækir. Það er dómstóla að meta það hverju sinni, hvort slíkar líkur eru fyrir hendi eða ekki. Ég tel, að þær líkur séu eigi fyrir hendi í þessu máli. Með þetta í huga svo og réttaröryggishagsmuni, eins og í hinum kærða úrskurði greinir, tel ég, að staðfesta beri niðurstöðu hans.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. mars 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 6. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þeir, að Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. hefur með bréfi, dags. 21. febrúar sl., fyrir hönd Guttorms Einarssonar vegna Bjórsamlags Ámunnar, Ármúla 21 hér í borg, borið undir dóminn þá ákvörðun ríkissaksóknara frá 14. febrúar sl. að leggja hald á búnað og áfengisblöndu sam-

lagsins vegna ætlaðra brota forsvarsmanna þess á 7. og 18. gr. áfengislaga. Er gerð sú krafa, að umrædd ákvörðun ríkissaksóknara verði felld úr gildi og fyrir hann lagt að skila munum þessum þegar í stað.

Samkvæmt gögnum málsins lagði lögreglan í Reykjavík þann 15. febrúar sl. hald á eftirtalda hluti: drykkjarvörðukæli með tveim kælírásum, kolsýruflösku, plastkút til átöppunar, þrýstislöngur, stúta og mæla, 25 lítra Tuborg þrýstikút, þrjá 25 lítra Carlsberg þrýstikúta, fjóra 5 lítra Carlsberg þrýstikúta og ellefu 5 lítra Tuborg þrýstikúta.

Ofangreind haldlagning var framkvæmd samkvæmt fyrirmælum í bréfi ríkissaksóknara, dags. 14. febrúar sl., til lögreglustjórans í Reykjavík, en í bréfi þessu segir svo meðal annars:

„Með bréfi, dagsettu 5. febrúar sl., sendið þér, herra lögreglustjóri, lögregluskýrslu ásamt fylgigögnum um starfsemi svokallaðs „Bjórsamlags Ámunnar“, sem rekið er í tengslum við fyrirtækið Hafplast sf. og verslunina Ámuna, Síðumúla 21, Reykjavík. Í framangreindum gögnum er að finna upplýsingar um það, að forsvarsmenn fyrrgreindra fyrirtækja, Hafplast sf. og verslunarinnar Ámunnar, hafi tekið að sér að búa til áfengan drykk fyrir svokallaða samlagsmenn úr áfengi, sem þeir afla með löglegum hætti og afhenda forsvarsmönnum fyrrgreindra fyrirtækja. Hinn nýi áfengi drykkur er svo afhentur samlagsmönnum gegn gjaldi, sem forsvarsmennirnir meta sjálfir sem hæfilegt fyrir íblöndunarefni, umbúðir, vinnu við blöndunina, afnot af blöndunartækjum og svokölluð „framleiðsluleyndarmál.““

Síðar í bréfinu segir svo: „Með vísan til 43. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 8. gr. áfengislaga, skal hald lagt á búnað þann, sem upplýst verður, sbr. 4. lið, að notaður hafi verið til blöndunar á hinum áfenga drykk, og enn fremur verði lagt hald á allt það magn af hinum áfenga drykk, sem búinn hefur verið til en eigi afhentur samlagsmönnum.“

Forsvarsmaður samlagsins, Guttormur Einarsson, Kleifarási 13 hér í borg, hefur við yfirheyrslur hjá lögreglu skýrt nánar frá starfsemi samlagsins. Kvað hann Bjórsamslag Ámunnar vera samlagsfélag, stofnað þann 22. janúar sl. af fyrirtækinu Hafplasti sf. Skyldi samlagið annast blöndun á drykkjarföngum fyrir samlagsmenn, sem sjálfir legðu til áfengi til blöndunarinnar, og yrði ekki tekið við áfengi nema á flöskum, sem löglega væru fengnar úr útsölum Á.T.V.R., og yrðu flöskurnar að vera með órofið innsigli. Kvað hann áfengið með samþykki samlagsmanna renna í sameiginlegan samlagssjóð, en inneign hvers samlagsmanns sé nákvæmlega skráð og þess gætt, að hver samlagsmaður taki ekki út meiri vínanda en sem inneign nemur. Með ákveðnum aðferðum er áfengi þessu blandað saman við grunnbjór, sem er minna en 2,25% að vínandastyrkleika miðað við rúm-

mál og óáfeng bragðbæti- og bindiefni og þannig fengið svokallað bjórlíki, en styrkleiki þess sé á bilinu frá 4,97% til 5,2% af vínanda að rúmmáli. Fyrir hin óáfengu drykkjarefni, vinnuna og tækin, sem þarf til blöndunarinnar, greiða samlagsmenn samlaginu síðan nokkurt fégjald.

Með bréfi, dagsettu 25. febrúar sl., sendi dómurinn ríkissaksóknara ljósrit af áðurgreindu bréfi lögmansins ásamt ljósritum af gögnum þeim, er bréfinu fylgdu, með ósk um, að dómurinn fengi í hendur afrit af bréfi ríkissaksóknara, dags. 14. febrúar sl., til lögreglustjórans í Reykjavík, en upphaf þess bréfs var hulið fyrir kærða. Með bréfi, dags. 27. febrúar sl., sendi ríkissaksóknari dóminum umbeðið ljósrit, og segir svo í bréfinu m.a.: „Jafnframt því að senda sakadóminum ljósrit af fyrrgreindu bréfi, þá er af ákærvaldsins hálfu höfð uppi sú krafa, komi erindi þetta til úrskurðar, að ákvörðun embættisins, með vísan til þeirra upplýsinga, sem þá lágu fyrir um ætluð áfengislagabrot kærða, verði dæmd réttmæt og haldlagningin sjálf lögmæt, sbr. 43. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 8. gr. áfengislaga nr. 82, 1969. Ekki þykir á þessu stigi málsins efni til að fjalla um hinar ætluðu sakir kærða, þar sem frumrannsókn málsins er ekki lokið og rannsóknargögn því ekki borist embættinu.“

Með bréfi, dagsettu 1. mars sl., var lögmanninginum sent ljósrit af ofangreindu bréfi ríkissaksóknara ásamt ljósriti af bréfinu frá 14. febrúar sl. Lögmáðurinn lýsti því yfir í samtali við dómurann, að ekki þætti ástæða til að koma að viðbótargreinargerð vegna bréfa þessara, en sendi dómurann þann 4. mars sl. heildaryfirlit yfir framleiðslu og afhendingu bjórlíkis og skrá yfir samlagsmenn og inneign þeirra á áfengi.

Af hálfu ákærvaldsins hefur ekki komið fram frekari rökstuðningur fyrir áðurgreindri ákvörðun en að framan greinir.

Niðurstöður.

Dómurinn er þeirrar skoðunar, að ekki hafi verið þörf vegna rannsóknarhagsmuna að leggja hald á ofangreinda muni með tilliti til sönnunargildis þeirra, enda hefur forsvarsmaður samlagsins ekki leynt starfsemi sinni á nokkurn hátt og hefur af fremsta megni reynt að greiða fyrir rannsókn málsins.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að mikill vafi leiki á því, að 7. gr. áfengislaganna hafi verið brotin, þar sem ekki verður annað séð en að um löglega áfengisblöndun sé að ræða og því vafasamt, að því skilyrði 43. gr. laga nr. 74, 1974 um, að ætla meg, að munirnir verði gerðir upptækir, sé fullnægt.

Þá er til þess að líta, að teljist forsvarsmaður samlagsins hafa á einhvern hátt brotið gegn 18. gr. áfengislaga með handhöfn og meðferð áfengisins, en slíkt brot er, eins og á stendur, eigi augljóst, þá er ekki að finna í áfengis-

lögnum heimild til upptöku á áfengi í vörslu þeirra, er brotlegir gerast samkvæmt þeirri grein.

Það er álit dómsins, að vegna þess vafa, sem lék á því, að um lögbrot væri að ræða, bar ákærvaldinu, eins og mál þetta var vaxið og vegna réttaröryggis, að leita dómsúrskurðar um haldið, þrátt fyrir að í 43. gr. l. nr. 74, 1974 sé eigi gert ráð fyrir, að úrskurð dómara þurfi.

Þegar allt framanritað er virt, þykir ákvörðun ákærvaldsins um haldlagningu vera þeim annmörkum háð, að ekki verði hjá því komist að fella hana úr gildi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hald það, sem samkvæmt ákvörðun ríkissaksóknara frá 14. febrúar 1985 var þann 15. febrúar sl. lagt á drykkjarvörðukæli með tveim kæli-rásam, kolsýruflösku, plastkút til átöppunar, þrýstislöngur, stúta og mæla, 25 lítra Tuborg þrýstikút, þrjá 25 lítra Carlsberg þrýstikúta, fjóra 5 lítra Carlsberg þrýstikúta og ellefu 5 lítra Tuborg þrýstikúta og var allt í vörslum Bjórsamlags Ámunnar, Ármúla 21, Reykjavík, er úr gildi fellt.

Föstudaginn 15. mars 1985.

Nr. 75/1983. **Othar Örn Petersen hrl. f.h.**

Protabús Vörðufells h/f

(sjálfur)

gegn

Jóni Skaftasyni, skiptaráðanda í Reykjavík,

f.h. Protabús Jakobs Jakobssonar

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

og

Rafmagnsveitu Reykjavíkur til réttargæslu

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.